


| | | |
|-------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 10 | | |
| Dags.: 23.02.2016 | ÍSLE3KF05 (kvikmyndafræði) fjarnám Námsáætlun vorönn 2017 | |
| Höfundur: AMJ | | |
| Samþykkt: SHJ | | |
| Síða 1 af 4 | | |

| | | | |
|----------------|--|---------------|-----|
| Kennari | Sunna Hlín Jóhannesdóttir sunna@vma.is | Sk.st. | SUN |
|----------------|--|---------------|-----|

Íslenskar kvikmyndir

Áfangalýsing:

Í námskeiðinu Íslenskar kvikmyndir kynast nemendur úrvali íslenskra kvikmynda, völdum til að sýna fjölbreytni í stefnum, söguskoðun og viðfangsefnum. Farið er í nokkur grunnatriði í kvikmyndagreiningu. Skoðað er hvernig kvikmyndir bera í sér menningu og samfélagsskoðun hvers tíma. Einnig eru teknar til umföllum kvikmyndaðar bókmenntir, barnamyndir og heimildarmyndir. Auk þess að fá innsýn í íslenska kvikmyndasögu og stefnur kynast nemendur betur menningu og samfélagi Íslands gegnum myndirnar. Ætlast er til þess að nemendur taki virkan þátt í umræðum, sjái úrval þeirra kvikmynda sem fjallað er um í tímunum og vinni fjölbreytt verkefni, þá mist einir eða með öðrum. Áfanginn byggist á sex stöðum menntunar: Læsi í viðum skilningi, menntun til sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og skapandi starfi.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

Mikilvægum kvikmynda – og bókmenntafræðilegum hugtökum.

Grunnaðferðum í greiningu kvikmynda.

Völdum þáttum í kvikmyndasögu.

Hvernig kvikmyndir endurspeгла viðhorf og gildi í hverju samfélagi og á hverjum tíma.

Hvernig kvikmyndir endurspeгла kynhlutverk.

Helstu greinum kvikmynda og stefnum.

Mikilvægi þess að bera virðingu fyrir skoðunum annarra.

Mismunandi málsniði í kvikmyndum.


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

Beita gagnrýnni hugsun.

Meta eigin rök og annarra.

Tjá sig og hlusta á aðra.

Tengja kvikmyndafræði við eigin reynslu og veruleika.

| | | |
|-------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 10 | | |
| Dags.: 23.02.2016 | ÍSLE3KF05 (kvikmyndafræði) fjarnám Námsáætlun vorönn 2017 | |
| Höfundur: AMJ | | |
| Samþykkt: SHJ | | |
| Síða 2 af 4 | | |

Skoða hvernig fjölmennningarleg viðhorf birtast í kvikmyndum.

Miðla skoðunum sínum og fræðilegum athugunum á skapandi hátt.

Flytja af öryggi og sannfæringarkrafti vel uppbyggða ræðu eða ítarlega kynningu á flóknu efni.

Koma frá sér efni á skýru og blæbrigðaríku máli.

Draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýnin hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum, hvort sem er í ræðu eða riti og meta áreiðanleika þeirra.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Greina kynhlutverk í kvikmyndum.

Greina uppbyggingu kvikmynda.

Geta notað hugtök og aðferðir í fræðilegri umfjöllun um kvikmyndir.

Tjáð rökstudda afstöðu við ýmsar kringumstæður, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum til að komast að vel ígrundaðri niðurstöðu.

Draga saman aðalatriði, beita gagnrýnni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta, átta sig á samfélagslegum skírskotunum og ná duldum boðskap og hugmyndum.


Beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður í ræðu og riti.

Námshöggn: Kennsluefni frá kennara inni á Moodle. Auk þess þurfa nemendur að verða sér úti um ákveðnar kvikmyndir. Einhverjar kvikmyndir, sem erfitt er að nálgast, verða inni á bíóvef Verkmenntaskólans á Akureyri. Slóðin er bio.vma.is (ekki www á undan) og lykilorðið er það sama og inni á tölvupóstinn ykkar (vmalykilorð).


Auk þess fara nemendur einu sinni á önninni á íslenska kvikmynd í kvikmyndahúsum. Í boði er að fara annað hvort á kvikmyndina *Ég man þig* (áætlað að frumsýna í apríl) eða *Snjór og Salóme* (áætlað að frumsýna í mars). Ef nemendur hafa þess ekki kost að fara í kvikmyndahús þá má velja nýlega íslenska mynd í samráði við kennara. Nánari fyrirmæli og útskýringar á verkefnum inni á Moodle.

Áætlun um yfirferð:

| Vika: | Viðfangsefni: | Verkefni og námsmat: |
|-------|--|---|
| 5-6 | Nemendur fara vel yfir námsáætlun og kynna sér efni áfangans og markmið hans. Upprifjun á bókmenntahugtökum. | Nemendur skila verkefni í lok vikunnar þar sem unnið er með fræðileg hugtök (7%). |

| | | |
|------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 10 | | |
| Dags.:23.02.2016 | | |
| Höfundur: AMJ | | |
| Samþykkt: SHJ | | |
| Síða 3 af 4 | ÍSLE3KF05 (kvikmyndafræði) fjarnám Námsáætlun vorönn 2017 | |

| | | |
|-----------------------|---|---|
| 1.2. - 12.2. | Farið í kvikmyndafræðihugtök. | Ein og hálf vika. |
| 7 13.2.-19.2. | Bygging kvikmynda og saga kvikmynda á Íslandi. Horft á kvikmyndina <i>Land og synir</i> . | Nemendur greina byggingu stuttmyndar (3%). Skil á umræðuvef (1%). Krossapróf úr hugtökum og sögu kvikmynda (8%). |
| 8 20.2. - 26.2. | Verkefni unnið upp úr kvikmyndinni <i>Land og synir</i> . Samfélagsrýni. | Nemendur skila verkefni upp úr kvikmyndinni <i>Land og synir</i> og æfingu í samfélagsrýni (6%). |
| 9 27.2.- 5. 3. | Nemendur horfa á <i>Djöflaeyjuna</i> og <i>Mávahlátur</i> . | Skil á umræðuvef (1%). |
| 10 6.3. - 12.3. | Verkefni unnið upp úr <i>Djöflaeyjunni</i> og <i>Mávahlátri</i> . | Nemendur skila verkefni upp úr kvikmyndunum <i>Mávahlátri</i> og <i>Djöflaeyjunni</i> (7%). |
| 11 13.3. - 19.3. | Nemendur vinna heimildaritgerð. Ritgerðin er samfélagsrýni frá ákveðnu tímabili tengt kvikmynd. | Skil á umræðuvef (1%). |
| 12 20.3. - 26.3. | Áframhaldandi vinna að heimildaritgerð. | Nemendur skila heimildaritgerð/samfélagsrýni (20%). |
| 13 27.3. - 2.4. | Nemendur velja á milli þess að horfa á og vinna verkefni upp úr <i>Hross í oss</i> eða <i>Málmhaus</i> . | Skil á verkefni (7%) um annað hvort <i>Hross í oss</i> eða <i>Málmhaus</i> og umræðu (1%). |
| 14-16 3.4. - 23.4. | Nemendur vinna að lokaverkefni þar sem unnið er með ákveðnar greinar og þætti kvikmynda; barna- og unglíngamyndir, spennumyndir, fjölskyldudrama, einsemd í kvikmyndum, spillingu/kynvæðingu, kynhlutverk í kvikmyndum, birtingarmynd ellinnar, gamanmyndir, heimildamyndir og raunveruleikasjónvarp. | Skil á umræðuvef (1%) Nemendur skila lokaverkefni inn á opinn umræðuvef (20%). 10% kennaramat og 10% jafningjamat. |
| 17-18 24.4. - 5.5. | Jafningjamat. Nemendur fara yfir lokaverkefni hjá hver öðrum og gefa fyrir. Skil í lokuðu skilaboxi. | Síðasti tækifæri til að skila kvikmyndagagnrýni er 28. apríl (10%). Skil á jafningjamati (7%). |

| | | |
|-------------------|---|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 10 | | |
| Dags.: 23.02.2016 | | |
| Höfundur: AMJ | | |
| Samþykkt: SHJ | | |
| Síða 4 af 4 | ÍSLE3KF05 (kvikmyndafræði) fjarnám | Námsáætlun vorönn 2017 |

| | | | |
|---|---|--|--|
| Matsform: | <input checked="" type="checkbox"/> Símat | <input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf | <input checked="" type="checkbox"/> Lokaverkefni |
| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþátta | Vægi | |
| Umræðuvefur | Þátttaka á umræðuvef um kvikmyndir og einstök verkefni (5 sinnum). | 5% | |
| Hugtök | Verkefni sem reynir á þekkingu á bókmennta- og kvikmyndahugtökum. | 7% | |
| Bygging kvikmynda | Nemendur greina byggingu stuttmynda. | 3% | |
| Próf | Próf úr hugtökum | 8% | |
| <i>Land og synir</i> | Verkefni upp úr kvikmyndinni <i>Land og synir</i> og æfing í samfélagsrýni. | 6% | |
| <i>Djöflaeyjan og Mávahlátur</i> | Verkefni upp úr <i>Djöflaeyjunni</i> og <i>Mávahlátri</i> . | 7% | |
| Heimildaritgerð | Samfélagsrýni frá ákveðnu tímabili tengt kvikmynd. | 20% | |
| <i>Hross í oss</i> eða <i>Málmhaus</i> | Nemendur velja á milli þess að horfa á og vinna verkefni upp úr <i>Hross í oss</i> eða <i>Málmhaus</i> . | 7% | |
| Lokaverkefni | Nemendur vinna að lokaverkefni þar sem unnið er með ákveðnar greinar og þætti kvikmynda. | 20%: 10% kennaramat og 10% jafningjamat. | |
| Jafningjamat | Nemendur meta lokaverkefni. | 7% | |
| Kvikmynda-gagnrýni | Í boði er að fara annað hvort á kvikmyndina <i>Ég man þig</i> (áætlað að frumsýna í apríl) eða <i>Snjór og Salóme</i> (áætlað að frumsýna í mars). Ef nemendur hafa þess ekki kost að fara í kvikmyndahús þá má velja nýlega íslenska mynd í samráði við kennara. | 10% | |
| | | Samtals: | 100% |
| <p>Annað: Vikupakkarnir opnast á mánudögum (nema í fyrstu vikunni) og það eru skil í síðasta lagi klukkan 23:00 á sunnudagskvöldum. Það er ekki gefinn frestur á skilum nema gild ástæða liggi fyrir.</p> | | | |

Með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

26.1.17 *Sunnveit Jóhannesson*
Undirritun kennara

Ashjörg Benediktssd
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils